

Mánudaginn 30. júlí 1917.

Nr. 23/1917.

Edvald F. Möller

gegn

Þorsteini Þorsteinssyni

og

Herdísi Þorsteinsdóttur.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, Edvald F. Möller verzlunarstjóri í Haganesvík, fyrir aukarétti Skagafjarðarsýslu gegn hinum stefndu, Þorsteini Þorsteinssyni stöðvarstjóra og dóttur hans Herdís Þorsteinsdóttur, báðum í Haganesvík, út af því, að stefndi hefði á heimili áfrýjanda 29. sept. 1915 í votta viðurvist tjáð honum, »að Herdís dóttir sín treysti sér ekki til að afgreiða áfrýjanda með símtöl ein, álit sér ekki óhætt fyrir honum, og því hefði stefndi orðið að sitja af sér róður daginn áður, fyrir hvað hann hafi krafist skaðabóta, kr. 7,50. Ennfremur hafi stefndi tilkynt sér undir votta, að áfrýjandi fengi enga afgreiðslu þar á stöðunni þá daga, sem hann reri, eða væri eigi sjálfur viðlátinn, og mundi húsitt vera lokað fyrir áfrýjanda og konu hans þá daga«.

Taldi áfrýjandi orðin, »að hún (Herdís) álit sér ekki óhætt fyrir áfrýjanda að afgreiða hann ein á símastöðinni« ærumeiðandi fyrir sig, og krafðist, að þau væru dæmd dauð og ómerk og stefndu látin sæta sektum fyrir þau. Svo krafðist hann og skaða-

bóta fyrir þá skerðingu á atvinnufrelsi sínu, að neita sér um afnot símans á afgreiðslutíma.

Lauk máli þessu svo með dómi aukaréttarins uppkveðnum 28. sept. f. á., að hin stefndu voru sýknuð af kröfum áfrýjanda og hann dæmdur til að greiða þeim 50 kr. í málskostnað. Auk þess var áfrýjandi dæmdur til að greiða 8 kr. sekt til landsjóðs fyrir brot á sáttalöggjöfinni og skyldi 4 daga einfalt fangelsi koma í hennar stað, ef hún væri eigi greidd í tæka tíð.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 23. febr. þ. á. og krafist þess, að hin umstefndu meiðyrði yrðu dæmd dauð og ómerk, að hin stefndu verði dæmd til að sæta þeirri refsingu fyrir þau, er lög frekast leyfa, að stefndu verði in solidum eða annað þeirra dæmt til að greiða áfrýjanda 25 kr. skaðabætur fyrir skerðingu á atvinnufrelsi, að málskostnaðarkröfur áfrýjanda fyrir undirrétti verði teknar til greina, þar á meðal, að hann verði sýknaður af málskostnaðarkröfu stefndu og sektarákvæði undirdómsins niður felt, og að stefndu verði in solidum eða annað þeirra dæmt til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins.

Stefndu hafa hins vegar krafist þess, að málinu verði sakir ólöglegar málasmsteypu vísað frá undirrétti, en til vara, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Það skal þegar tekið fram, að sökin á hendur hinum stefndu stendur í svo nánun innbyrðis sam-

bandi, að ekki þykir ástæða til að vísa máli þessu frá undirrétti sökum ólöglegrar málasmsteypu.

Tildrög máls þessa virðast eftir málsskjölunum vera þau, að hinn 27. sept. 1915 hafi áfrýjanda og stefndu, Herdís Þorsteinsdóttur, orðið sundurorða út af símaafgreiðslu, og er svo að sjá, að þessi sundurþykkja hafi orðið til þess, að Herdís hafi neitað stefnda, Þorsteini Þorsteinssyni, að símafgreiða áfrýjanda. Þetta leiddi til þess, að hinn 29. s. m. fór stefndi, Þorsteinn, heim til áfrýjanda með 2 vitnum, og er skýrsla stefnda um það, sem þeim þá fór á milli á þá leið, að hann hafi tjáð áfrýjanda, að hann neyddist til að hafa hús sitt lokað í símatímanum og þar með símanum fyrir áfrýjanda og konu hans fyrst um sinn, þegar stefndi væri ekki heima, en símskeytum yrði tekið á móti til sendinga. Sem ástæðu fyrir þessu færði stefndi það, að stefnda, Herdís, sem á þeim tíma virðist hafa gegnt afgreiðslu á símastöðinni í Haganesvík í forföllum og fjarveru stefnda, treystist eigi að eiga á hættu, að fá aftur samskonar heimsókn og hún hafði fengið af áfrýjanda og konu hans hinn 27. sept. Ennfremur krafði stefndi áfrýjanda við þetta tækifæri um 7 kr. 50 a. skaðabætur fyrir að hafa orðið þá daginn áður að vera heima við afgreiðslu símans og með því setið af sér róður, en á þessu ætti áfrýjandi sök vegna framkomu sinnar gagnvart Herdís nefndan dag. Hins vegar neitar stefndi því, að honum hafi farist orð svo sem áfrýjandi heldur fram, »að stefnda, Herdís Þorsteinsdóttir, álitu sér ekki óhætt fyrir áfrýjanda að símafgreiða hann ein«, og hann heldur því fram, að

hann hafi sérstaklega tekið fram við áfrýjanda, að símskeytum frá honum yrði tekið á móti til afgreiðslu.

Í málinu liggja ekki fyrir ábyggilegar upplýsingar um það, hvað áfrýjanda og stefndu fór á milli 27. sept., enda er eigi stefnt út af þeirri viðureign beinlínis. Aftur á móti hafa vitni verið leidd um það, hvað stefnda og áfrýjanda fór í milli hinn 29. s. m., en við þá vitnaleiðslu hefir það eigi sannast gegn neitun stefnda, að hann hafi viðhaft áðurnefnd ummæli, sem áfrýjandi telur meiðandi fyrir sig, en af því leiðir, að krafa hans um, að þau verði dæmd dauð og ómerk og sekt ídæmd fyrir þau, getur ekki orðið tekin til greina, og yfirleitt verður ekki álitíð, að framkoma stefnda við umrætt tækifæri hafi verið þannig vaxin, að hún eigi að sæta hegningu samkvæmt ákvæðum hegningarlaganna um ærumeiðingar.

Eftir vitnaframburðunum í málinu verður að lita svo á, að stefndi hafi hinn 29. sept. 1915 að eins tjáð áfrýjanda, að hann og kona hans fengju ekki fyrst um sinn afgreiðslu símtala á símastöðinni í Haganesvík, þegar stefndi væri eigi heima, en jafnan yrði tekið á móti símskeytum til sendinga. Eftir þessu gat áfrýjandi jafnan sent símskeyti og símtal að ætíð, er stefndi var á stöðinni. Nú hefir áfrýjandi ekki upplýst, að það hafi nokkru sinni komið fyrir, að hann hafi þurft að verða af símtali fyrir þá sök, að stefndi hafi ekki verið við til að afgreiða hann, og virðist þá ekki geta verið um neinar skaðabætur til handa áfrýjanda að ræða, jafnvel þó til-

kynning stefnda til áfrýjanda teljist óréttmæt, og verður þá skaðabótakrafa hans ekki tekin til greina.

Við sáttaumleitun í málinu mætti eigi stefnda, Herdis Þorsteinsdóttir, og hefir áfrýjandi krafist, að hún yrði dæmd til að greiða málskostnað fyrir undirrétti án tillits til úrslita málsins. Á þessa kröfu verður þó eigi fallist, því að stefnda hefir með 2 læknisvottorðum sannað, að hún sé taugaveikluð, og að því sé hættulegt fyrir hana að komast í geðshræringu, en við slíku mátti búast á sáttafundi. Það verður því að fallast á álit undirdómarans um það, að hún hafi haft lögleg forföll.

Þegar sátta skyldi leitað í málinu mætti, auk sáttanefndar á sáttastaðnum, áfrýjandi og kona hans, en með því að stefndi leit svo á, að að eins áfrýjandi væri kvaddur á sáttafundinn, neitaði hann að taka þátt í sáttatilraununum meðan kona hans væri við, og varð þetta til þess, að áfrýjandi vék af fundinum og setti konu sína í sinn stað til að taka þátt í sáttatilrauninni. Eftir orðalagi sáttakærunnar verður að telja það vafalaust, að kona áfrýjanda var eigi kvödd á sáttafundinn, heldur áfrýjandi einn auk hinna stefndu. Hann átti því að mæta við sáttatilraunina, en það hefir hann ekki gert, því að það er upplýst, að hann vék burt áður en sáttatilraun byrjaði og setti annan í sinn stað, án þess um lögleg forföll væri að ræða. Af þessum ástæðum var það rétt hjá undirdómaranum, að dæma áfrýjanda til að greiða sekt í landssjóð samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819 og til að greiða stefndu málskostnað, og þar sem fallast má á sektarupphæðina 8 kr. svo og á ídæmda

málskostnaðarupphæð 50 kr., ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að ákvæðið um vararefsinguna fellur burtu.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað, þó svo, að ákvæði dómsins um vararefsingu fellur burtu.

Áfrýjandinn, Edvald F. Möller, greiði stefndu, Þorsteini Þorsteinssyni og Herðisi Þorsteinsdóttur, 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 30. júlí 1917.

Nr. 7/1917.

Eiríkur Filippusson
gegn

Vilhjálm Benediktssyni
og Hjálmari Ólafssyni f. h.
eigenda Ness í Norðfirði.

D ó m u r:

Mál þetta höfðuðú hinir stefndu, Vilhjálmur Benediktsson og Hjálmar Ólafsson á Norðfirði fyrir